# Dagmar Óskarsdóttir, vegna kauptilboðs Garðars Eðvaldssonar í Fróðaklett GK 250

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360*
*Stjórnmálamaðurinn*
Askja 2-34, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Djúpavogi 12. des. 1967.

Hr. forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Má ég kynna mig, ég heiti Dagmar Óskarsd. er útsölumaður Morgunblaðsins hér og var umboðsm. Sjálfstæðisfl. hér um síðustu kosningar. Þér brosið vafalaust yðar góðlátlega brosi og hugsið: „Hvað heldur hún eiginlega að hún sé, morgunbl. hefur 14 kaupendur og Sjálfstæðisfl. hefur í hæsta lagi 10 atkvæði í plássinu". En það sem merkilegast er við mig er að ég er gift manni sem heitir Garðar Ewaldsson sem hefur verið skipstjóri á m/b. Sunnutindi sl. 9 ár, hætti þar í sumar, því bátuinn er orðinn gjörsamlega vonlaus á síld eins og málum er nú háttað, og Kaupfél. þannig statt nú að það hefur ekki verið hægt að halda bátnum við sem skyldi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Garðar Þorvaldsson er einmitt sá, sem ætlaði að reyna að kaupa m/b Fróðaklett í Hafnarfirði í haust, en úr því varð einn allsherjar skrípaleikur, sem yður er efalaust kunnugur. Einn daginn virtist allt vera klappað og klárt, þá setti Jóhannes Elíasson, banka-stjóri hnefann í borðið og blés á allt klabbið taldi hreppsábyrgð frá Djúpavogi einskis virði, 6 ára gamalt einbýlishús austur á Djúpavogi, það var ekki 700 þús. kr. virði hvað þá meir. En svo voru settir í þetta allskonar menn frá Framsókn. jú þá linaðist bankastj. en kemur þá ekki einhver loðnuloppa og stoppar allt saman og að ég held stendur allt við það sama. Ég ætla ekki að rekja þessa sögu lengra, Benedikt Sveinsson frændi yðar var umboðsmaður Garðars og öllum hnútum bezt kunnugur. Ég skil ekki orðið stefnu flokksins, það er prédikaður sparn-aður, varað við ofþenslu í peningamálum. við höfum nurlað saman af þessum tekjum en hvað verður um þessa peninga nú.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þið hafið ykkur af auknum báta-
flota, en til hvers er það, þegar bátur eins
og Fróðaklettur er látin grotna niður
við bryggju í 8 mánuði óupphitaður.
Skyldur virkilega enginn ykkar það, að
það eyðileggjast í honum tæki fyrir
miljónir með þessu háttarlagi, ég veit
óskóp vel að Jón Gíslason hff. er við-
kvæmt mál fyrir Sjálfstæðisflokkinn
(ég er nefnilega nátengd Stefáni A. Pálss.)
Ég hélt að Sjálfstæðisfl. væri flokkur einka-
framtaksins, en nú heyri ég sagt að
Kaupfélagið hér ætli að reyna að skipta
á bát, fá stærri bát fyrir Sunnutind.
Ég efast ekki um að þeir geti það, þeir
eiga álitlegar eignir, en ef svo er missir
Garðar eflaust þá ábyrgð sem bræðslan
ætlaði að veita honum. Eysteinn Jónsson
hefur haft ~~megi~~ flesta kjósendur hér,
það er kominn tími til að fara að stjaka
við því, hann fer ábyggilega að detta
fyrir aldurssakir, þá er tækifærið. Það
er vitað mál að þetta pláss, er gjörsam-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega úr sögunni, ef ekki eflist útgerð hér. Garðar er mjög traustur og góður maður og það er hér almennur áhugi fyrir því að hann fái sinn eigin bát, ef einhver ætti peninga hér mundu þeir vafalaust vera falir, en því er ekki að heilsa. Það er nákvæmlega sama hvern þér spyrjuð um álit á Garðari Eðvalds-syni, það yrði allsstaðar jákvætt, tökum t.d. Þorstein Gíslason, skipstjóra, hann var kennari hans í skólanum og nú er Garðar ráðinn skipstj. á Guðrúnu Þor-kellsdóttur eftir áramót. Spyrjið Lúðvík Jósefsson, alþingismann, eða Villhjálm á Brekku, svarið verður allsstaðar það sama. Garðar hefur verið í afleysingum í ~~sum~~ haust og er nú, skipin sem hann hefur verið á er Kristján Valgeir, Vopnaf. Brettingur Vf. og Birtingur Norðf. allt ný og góð skip, enda fiskaði hann mjög vel. Ég efast ekki um að hugur yðar hvarfli að útgerðinni hjá Svan á Búð-dalsvík eða þessum æfintýramönnum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafstein og Hauk á Seyðisfirði, ég þekki það allt saman mjög vel, og er ólíku saman að jafna. Við höfum enga sterka peningamenn á bak við okkur til að hallast að, ekkert nema viljan og heiðarleikan og ég hélt nú að þjóðfélagið hefði ekki of mikið af svoleiðis fólki. Ég efast ekki um að þeir séu orðnir dauð leiðir á þessum lestri, en mér fannst rétt að snúa mér til yðar, sem formann Sjálfstæðisflokksins því þá verða línurnar hreinni, ef þetta getur ekki orðið, þá er það útrætt mál, og þá verður ekkert meira um okkar stuðning við Sjálfstæðisflokkinn. Ég yrði auðvitað uppréttur því allt mitt fólk í báðum ættum er öruggt Sjálfstæðisfólk. Faðir minn Óskar Árnason sál. var um tíma í bæjarstj. Seyðisfjarðar t.d. Agnar Ludvigsson heildsali Reyk. mágur hans, Jóhannes Helgason Háskólaritari (við erum systkynabörn) Thulin Johansen hjá Skipaútg. Rík. er móðurbróðir minn, svo þeir nafntoguðustu séu nefndir. Garðar Þorvaldsson er myðfirðingur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ætt, einkenni framsóknarmanna aftur í gráa forneskju, Villhjálmur Hjálmarsson, Tómas Árnason og það allt náskilt.

Jónas Pétursson alþm. er tilnefndur okkur í þessu máli og ég er nýbúin að skrifa honum bréf sem er ekki ósvipað þessu. Mér lízt mjög vel á Jónas, ég held að hann sé allmennilegt og góður maður. Ég hélt fyrst að Sverrir Hermannsson væri betur fallinn til að fylgja þessu máli, en við nánari kynni hölllumst við frekar að Jónasi.

Ég kemst fljótt að raun um, ef þér hendið þessu bréfi í ruslakörfuna, yður þykir það vafalaust ekki svaravert, en þetta er stórmál fyrir okkur, ekki síður en ríkisbúið er yðar stórmál.

Svo óska ég yður gleðilegra jóla og farsældar á starfi á næsta ári.

Dagmar Óskarsdóttir
Garði,
Djúpavogi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

29/12 1967

Nafn Hr. forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson

Kær kveðja,

Jónas G. Rafnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tilboð Garðars Eðvaldssonar í
<u>v/s FRÓÐAKLETT GK 250.</u>

Gert var ráð fyrir, að Jón Gíslason s.f. fengi eftirtalin skuldabréf út úr sölunni, sjá ljósrit af kauptilboði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Með ábyrgð Búlandshrepps | Kr. | 1.500.000,00 |
| 2. | Með ábyrgð Búlandstinds h.f. | " | 750.000,00 |
| 3. | Með 2. veðr. í „Garði", Djúpavogi (Br.mat kr. 1.056.000,00 ) | " | 1.000,000,00 |
| 4. | Með veði í lóðum á Seyðisfirði | " | 650.000,00 |

Samþykkt Jóns Gíslasonar s.f. var því skilyrði háð, að Útvegsbankinn tæki þessi skuldabréf en léti í stað þess lausar fasteignatryggingar í Hafnarfirði fyrir tilsvarandi upphæð.

Að athuguðu máli taldi bankastjórnin ekki geta komið til mála, að verða við þeirri beiðni, m.a. af því, að ekki var talið fært að skipta á fasteignatryggingum í Hafnarfirði og þeim tryggingum, sem tilboðið bauð upp á.

Ekkert var vitað um greiðslugetu Búlandshrepps eða Búlandstinds h.f. ( dótturfyrirtæki Kaupfélags Berufjarðar). Söluverðmæti Garðs á Djúpavogi var bankanum ókunnugt um, en þó var talið óvarlegt að áætla það meira en kr. 700 þús. Lóðir á Seyðisfirði eru taldar óseljanlegar eins og er.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirritaður, Garðar Eðvaldsson, skipstjóri, Djúpavogi, gerir hér með eftirfarandi

k a u p t i l b o ð

í m/s Fróðaklett GK 250:

Verð skipsins verði kr. 12.200.000.00.

Skipið sé afhent í því ástandi, sem það nú er í við bryggju í Hafnarfirði, ásamt venjulegu fylgifé, þ.á. m. kraftblökk.

Skipið verði greitt svo:

| | |
|---|---|
| Kaupandi taki að sér áhvílandi lán í Fiskveiðasjóði | 6.900.000.00 |
| Greitt í pen. við afhendingu | 1.000.000.00 — |
| Yfirtekið lán í Tr. miðstöðinni | 400.000.00 |
| Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð Búlandshrepps | 1.500.000.00 |
| Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð Búlandstinds h.f. | 750.000.00 |
| Veðskuldabréf með 2. veðrétti í fasteigninni Garður á Djúpavogi (110 $m^2$ steinhús byggt 1961). Á 1. veðrétti hvíla 60-70 þúsund. | 1.000.000.00 |
| Skuldabréf með veði, er seljandi eða banki tekur gilt (lóðir á Seyðisfirði). | 650.000.00 |
| | Kr. 12.200.000.00 |

Til greina kemur einnig að kaupa skipið fyrir hærri upphæð, ef það verður sett í fullkomið stand, eftir nánara samkomulagi.

Um lánstíma á skuldabréfum fer eftir samkomulagi við seljanda og/eða viðkomandi banka.
Miðað er við að skipið verði afhent í september n.k. botnhreinsað.
Óskað er eftir svari og/eða nánari viðræðum sem fyrst.

Reykjavík, 30. ágúst 1967.

Garðar Eðvaldsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur